

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2307  
komudagur 7.5.2012

## Athugasemdir við drög að þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða

Lilja Jóhannesdóttir [nem.liljaj@lbhi.is]

Sent: 7. maí 2012 17:21

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

---

Góðan dag

Hér eru athugasemdir mínar um þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða.

Fyrst ber að nefna þá staðreynd að þingsályktunartillagan sé á vegum atvinnuveganefndar Alþingis. Réttara væri, vegna efnis hennar, að tillagan væri í höndum umhverfis- og samgöngunefndar.

Önnur athugasemdin snýr að fyrirhuguðum virkjunum á Reykjanesskaga. Það er mitt mat að með slíkum framkvæmdum værum við að fórna meiri verðmætum fyrir minni. Svæðið hefur hátt útisvistargildi fyrir stóran hluta þjóðarinnar sökum nálægar við höfuðborgarsvæðið, að auki sem það hefur einnig ríkt gildi fyrir eina af höfuðatvinnugreinum Íslands, ferðaþjónustu. Setja má stórt spurningamerki við sjálfbærni jarðvarmavirkjana og þ.a.l. hvort slíkir virkjanakostir séu forsvaranlegir þegar þekkingin á áhrifum þeirra eru eins takmarkaðir og raun ber vitni. Stór hluti landsmanna býr nú þegar við neikvæð áhrif Hellisheiðarvirkjunar og er réttlæt看legt að bæta á það með auknum virkjunum? Mitt mat er að þetta svæði sé tilvalið til að flytjast yfir í verndarflokk vegna þess að það býr yfir öðrum og merkilegri verðmætum heldur en eru mælanleg í vöttum.

Þriðja athugasemdin snýr að fyrirhuguðum framkvæmdum á Kröflusvæðinu. Rétt er að minna á aðild Íslands að Ramsarsamningnum sem kveður á um vernd votlendis. Mývatn er skilgreint Ramsarsvæði vegna alþjóðlegs verndargildis. Íslendingum ber því lagaleg skylda til að vernda Mývatn (og önnur votlendi) og lífríki þess en ekki þykir fullsannað að þær virkjanir sem nú þegar eru til staðar hafi ekki valdið því skaða og því er óásættanlegt að ráðist sé í frekar framkvæmdir þar til nánari rannsóknir óháðra aðila verði framkvæmdar á m.a. áhrifum affallsvatns og útblásturs. Ef ákvæðum alþjóðlegra samninga er ekki hlýtt má velta fyrir sér tilgangl aðildar okkar að þeim.

Lokaathugasemdin, hvort sem hún eigi rétt á sér hér eður ei, er í raun hugleiðing um það hvenær sé komið nóg? Verður það þegar búið verður að virkja allar virkjanir í nýtingaflokki og góðan slatta úr biðflokki? Eða verður þá gerð ný áætlun þar sem seilst verður aðeins lengra?

Reynum að gera Íslendinga framtíðarinnar stolta af fyrirhyggju okkar en ekki hvumsa yfir græðgi okkar.

Virðingarfyllst

Lilja Jóhannesdóttir

Náttúrufræðingur

Sléttabóli

801 Selfoss